

MENNINGAR- OG SAFNANEFND

FUNDUR – 8. desember 2004

Fundur haldinn í menningar- og safnanefnd miðvikudaginn 8. desember 2004 í Hillebrandshúsi kl. 20,00.

Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá.

1. Verkaskipting.
2. Erindisbréf.
3. Starfið framundan.
4. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Valdimar Guðmannsson setti fundinn og lagði fram eftirfarandi verkaskiptingu:
Formaður Valdimar Guðmannsson, varaformaður Sigríður Helga Sigurðardóttir og ritari Hlíf Sigurðardóttir. Þessi verkaskipting var samþykkt samhljóða.
2. Formaður lagði fram erindisbréf sem fjallar um starfssvið menningar- og safnanefndar.
3. Rætt var um hvaða starfssemi væri framundan á komandi ári og var formanni falið að kanna með undirbúning að sumarhátíðinni Matur og menning.
4. Nefndin stefnir síðan að því að halda fund fyrsta miðvikudag hvers mánaðar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 21,00

Hlíf Sigurðardóttir
Valdimar Guðmannsson
Sigríður Helga Sigurðardóttir